# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Borgarbyggð.**

*Urðarfellsvirkjun.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 20. maí 2015 deiliskipulag fyrir Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells 3 í Borgarbyggð.

Skipulagssvæðið er vestast á jörðinni Húsafelli og felur deiliskipulagstillagan í sér virkjun Deildargils sem rennur í Hvítá. Inntak og stífla verður ofarlega í Deildargili í norðurhluta Urðarfells. Fallpípa verður við Reyðarfellsskóg.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Bjarnhólar.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 12. febrúar 2016 nýtt deiliskipulag fyrir Bjarnhóla, sorpförgunarstöð.

Breytingin tekur til 9,8 ha svæðis. 7,7 ha verða skilgreindir sem sorpförgunarsvæði, 1,1 ha er skilgreindur sem efnistöku- og sorpförgunarsvæði og á þeim 1,0 ha sem eftir stendur er eingöngu gert ráð fyrir efnistökusvæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Borgarbyggðar, 18. febrúar 2016,*

**Lulu Munk Andersen,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. mars 2016